


Vefrit fjármálaráðuneytisins

8. mars 2007

Vöruskiptahallinn minnkar í febrúar

Vöruskiptahallinn í febrúar var 5,1 milljarðar samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands. Vöruskiptahallinn á föstu gengi hefur ekki verið minni í einum mánuði síðan í ársbyrjun 2005. Minnkun hallans frá fyrra mánuði má að öllu leyti rekja til meiri útflutnings sem hefur sjaldan verið jafn mikill, en sjávarútvegur og álútflutningur eiga mestan þátt í aukningunni. Álútflutningur hefur verið að aukast jafnt og þétt að undanförunu og var febrúar engin undantekning ef marka má bráðabirgðatölur. Innflutningur jókst hins vegar nokkuð frá fyrra mánuði og reyndist vera 29 milljarðar í febrúar. Ef bráðabirgðatölurnar reynast réttar hefur tólf mánaða breyting á staðvörtum þriggja mánaða innflutningi án skipa og Flugvéla aukist um rúm prósent. Í innflutningi mátti einkum merkja talsverða aukningu í innflutningi hrá- og rekstarvöru. Hins vegar virðist sú aukning að mestu koma til af mjög mikilli aukningu í innflutningi á aðföngum til álframleiðslu en innflutningur á þeim var nær enginn í janúar sem verður að teljast óvenjulegt en hafa ber í huga að um er að ræða bráðabirgðatölur sem geta breyst við nánari skoðun. Innflutningur á fjárfestingarvörum virðist hafa aukist lítillega en innflutningur á bifreiðum var svipaður og í janúar. Eldsneytisinnflutningur dróst talsvert saman milli mánaða og virðist það sama eiga við um neysluvörur, einkum hálf-varanlegar neysluvörur á borð við skó og fatnað.

Staðvörtur vöruinnflutningur janúar 2003 – febrúar 2007



Búferlaf lutningar 2006

Nýverið birti Hagstofa Íslands gögn um búferlaf lutninga bæði innanlands og gagnvart útlöndum fyrir árið 2006. Í lutningum fólks milli landa er áberandi hversu mikill aðflutningur hefur verið til landsins. Ef lutningar eru greindir eftir því hvort íslenskir eða erlendir ríkisborgarar eiga í hlut kemur í ljós að aðfluttum íslenskum ríkisborgurum fækkaði í fyrra frá árinu 2005 meðan brottfluttum fjölgaði. Mismunurinn er 280 en fækkun í fjölda aðfluttra íslenskra ríkisborgara hefur oft bent til að samdráttarskeið væri framundan.

Aðfluttum erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað umtalsvert frá árinu 2003 þegar þeir voru um 1.350. Síðan þá hafa yfir 14.000 erlendir ríkisborgarar flust hingað og helmingur þess hóps kom í fyrra. Þrátt fyrir að allnokkuð sé um ráðningar til skemmri tíma í byggingarframkvæmdum hefur fjöldi brottfluttra ekki vaxið tiltakanlega mikið. Mismunur á fjölda að- og brottfluttra erlendra ríkisborgara er mikill miðað við heildarfjöldann, öfugt við það sem á við um lutninga íslenskra ríkisborgara.

Hinn mikli aðflutningur erlendra ríkisborgara tengist ekki nema að hluta til álvers- og orkuframkvæmdunum eystra. Það sést meðal annars af því að af tæplega 10.000 manns sem fluttust til landsins í fyrra fluttust 2.000 til Austurlands. Meira en helmingur aðfluttra frá útlöndum fluttist á höfuðborgarsvæðið. Önnur vísbending um eðli aðflutningsins er að enda þótt hinn dæmigerði erlendi ríkisborgari sem

Lykiltölur um búferlaf lutninga milli landa 2006


	Fjöldi	Hlutfall af heild
Aðfluttir karlar	6.541	66,5%
Aðfluttar konur	3.291	33,5%
Aðfluttir íslenskir ríkisborgarar	2.762	28,0%
Aðfluttir erlendir ríkisborgarar	7.070	71,9%
Brottfluttir íslenskir ríkisborgarar	3.042	66,5%
Brottfluttir erlendir ríkisborgarar	1.535	33,5%
Aðfluttir 20-29 ára	3.265	33,2%
Aðfluttir 30-39 ára	2.370	24,0%

hingað flyst sé karlmaður frá Austur-Evrópu þá er um 40% aðfluttra erlendra ríkisborgara konur. Hlutfall aðfluttra kvenna er einungis lágt í landshlutum þar sem stóriðjuframkvæmdirnar hafa verið yfirgnæfandi. Fjölgun í aðflutningi erlendra kvenna hefur ekki verið eins mikil eins og hjá körlum en hún er engu að síður umtalsverð. Í fyrra fluttust hingað til lands um 2.000 konur með erlent ríkisfang meðan karlarnir voru ríflega 5.000.

Gengisbundin lán til heimila

Frá árinu 2005 hafa gengisbundin lán til íslenskra heimila aukist verulega. Til viðbótar við gengisbundin bílalan eru vísbendingar um að fasteignalan í erlendri mynt hafi aukist að undanförunu, eftir að gengi krónunnar veiktist og innlendir vextir á íbúðalánum hækkðu. Slíkum lánum fylgir gengisáhætta.

Gengisbundin lán innlánsstofnana til heimila á föstu gengi



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Eins og sjá má á myndinni hefur verðmæti gengisbundinna lána á föstu gengi aukist gríðarlega og sér í lagi á síðasta ári en miðað er við meðalgengi krónunnar árið 2002. Frá nóvember 2005 til júní 2006 veiktist gengi krónunnar um rúm 27% en sú lækkun útskýrir þó ekki nema hluta virðisaukningar gengisbundinna lána á sama tíma. Þannig námu gengisbundin lán um 26,8 milljörðum kr. í lok janúar 2006 á föstu gengi en um 67,5 milljörðum í janúarlok á þessu ári sem er aukning upp á rúm 150%.

Í árslok 2006 námu gengisbundin lán um 5,5% af heildarskuldum heimila við lánakerfið í heild og um 10,3% af heildarskuldum við innlánsstofnanir og hefur það hlutfall farið vaxandi á síðustu mánuðum á sama tíma og dregið hefur úr aukningu verðtryggðra útlána innlánsstofnanna. Frá þriðja ársfjórðungi síðasta árs hafa gengisbundin útlán innlánsstofnanna aukist verulega eins og myndin gefur til kynna.

Tekjur ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Skatttekjur og trygg.gjöld	37,6	26,9
Skattar á tekjur og hagnað	54,3	17,8
Eignarskattar	11,2	-26,8
Skattar á vöru og þjónustu	14,2	56,2
Tryggingagjöld	15,0	15,7
Tekjur alls	37,6	25,9

Gjöld ríkissjóðs janúar		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	...	17,3
Heilbrigðismál	...	5,3
Alm.trygg. & velferðarmál	...	3,2
Efnahags- og atvinnumál	...	34,8
Menntamál	...	3,3
Gjöld alls	0,7	10,6

Afkoma ríkissjóðs janúar		
Milljónir króna	2006	2007
Handbært fé frá rekstri	13.926	19.787
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	12.849	-10.349
Afborgun lána	-4.049	-51
Brúttó lánsfjárfjöfnuður	8.470	-10.730
Lántökur	1.532	31.861
Greiðsluafkoma	10.002	21.131

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Verðbólga (febrúar)	4,1	7,4
Kjarnaverðbólga (febrúar)	3,8	7,9
Launavísitala (janúar)	8,3	10,1
Heildarvelta (jan.-okt. '06)	12,1	13,7
Smásöluvelta (jan.-okt. '06)	8,7	5,7
Atv.leysi, árst.leiðr. (jan.)	1,4	1,2